

**Nd.**

**549. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um rafmagnsveitur (þingskj. 505).

Háttvirt efri deild hefir ekki getað fallist á breytingar þær, er neðri deild gerði á frumvarpinu. Hún hefir því breytt því á sama veg og áður var.

Breyting neðri deildar var í því fólgin, að einkarjettar tímatakmarkið í 6. gr. var fært upp, úr 15 árum í 30 ár, og ákvæðum sömu greinar um tilnefning yfirmatsnefndar breytt á þann veg, að yfirmatsmenn skyldu vera 5 í stað þriggja, og að þeir væru útnefndir af hinum íslenska landsyfirdómi.

Neðri deildar nefndin vill nú til samkomulags við efri deild í þessu efni, leggja það til, að einkarjettarleyfið sje sett 20 ár. Tilhögunina á útnefning yfirmatsnefndar gerir nefndin ekki að kappsmáli, og sættir sig þar við gerð efri deildar.

Hinsvegar vill nefndin ráða til, að aftan við annan málslið 10. gr. sje því viðbætt, að gjaldið fyrir hústaugar fari að öðru leyti eftir virðingarverði hússins.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að gerðar sjeu þessar breytingar við frumvarpið:

Við 6. gr.

Í stað »15« í þriðju línu komi:  
20.

Við 10. gr. Aftan við annan málslið greinarinnar bætist:  
að tiltölu við virðingarverð hússins.

Neðri deild Alþingis, 25. ágúst 1915. .

Sigurður Gunnarsson,  
formáður.

Benedikt Sveinsson,  
ritari.

Einar Jónsson.

Biörn Hallsson.

Sigurður Sigurðsson.